



73. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 28. janúar, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Erindi frá nefnd um sameiningu sveitarfélaga.
3. Fjárhagsáætlun 2005-2007.
4. Umsóknir um byggðakvóta.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Atvinnumál.**
Rætt um atvinnumál.
2. **Erindi frá nefnd um sameiningu sveitarfélaga.**
Erindið er sent til landshlutasamtaka og er óskað eftir samstarfi um vinnslu tillagna um sameiningarkosti. Er þess farið á leit við samtökin að álit berist nefndinni fyrir 20 mars nk. Erindið er lagt fram til kynningar.
3. **Fjárhagsáætlun 2005-2007.**
Bæjarstjóri lagði fram hin ýmsu vinnugögn. Farið yfir rekstur helstu málaflokka og ramma ársins 2003 til viðmiðunar.
4. **Umsóknir um byggðakvóta.**
Hjördís Blöndal vék af fundi vegna skyldleika við málið.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi úthlutun á þeim 65 þorskígildislestum sem sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað Blönduóssbæ fiskveiðiárið 2003 – 2004.

Eftirfarandi 5 umsóknir bárust vegna samstarfs við Norðurós ehf. ásamt staðfestu skriflegu samkomulagi við fiskvinnslufyrirtækið:

Umsókn Guðbjörns Magnússonar vegna Signý HU-13: Bæjarráð hafnar umsókn um byggðakvóta þar sem reglur kveða á um að 1/3 hluti áhafnar viðkomandi báta, en ekki útgerðar, hafi átt lögheimili í Blönduóssbæ hinn 1. september 2003.

Umsókn Víkur ehf. vegna Öldu HU-12: Bæjarráð hafnar umsókn um byggðakvóta þar sem reglur kveða á um að 1/3 hluti áhafnar viðkomandi báta, en ekki útgerðar, hafi átt lögheimili í Blönduóssbæ hinn 1. september 2003.



Umsókn G. Magnússon ehf. vegna Magnúsar HU-124: Bæjarráð hafnar umsókn um byggðakvóta þar sem reglur kveða á um að 1/3 hluti áhafnar viðkomandi báta, en ekki útgerðar, hafi átt lögheimili í Blönduóssbæ hinn 1. september 2003.

Umsókn Ásver ehf. vegna Húna HU-62: Bæjarráð samþykkir úthlutun 16,25 þorskígildistonna enda uppfylla umsækjendur úthlutunarreglur Blönduóssbæjar.

Umsókn Bjarna J. Einarssonar og Sturlaugar Einarssonar vegna Kambanes HU-10: Bæjarráð samþykkir úthlutun 16,25 þorskígildistonna enda uppfylla umsækjendur úthlutunarreglur Blönduóssbæjar.

Eftirfarandi umsókn barst vegna samstarfs við Særúnu hf.:

Umsókn Særúnar hf. vegna Skafta SK-3: Bæjarráð samþykkir úthlutun 32,5 þorskígildistonna enda uppfylla umsækjendur úthlutunarreglur Blönduóssbæjar.

5. Önnur mál voru engin.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:15.**

Hjördís Blöndal (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)